

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um fíkniefnanotkun í fangelsum.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Eru þess nýleg dæmi að fangar í afplánun í íslenskum fangelsum hafi orðið uppvísir að notkun ólöglegra fíkniefna? Ef svo er, hvernig má það vera?
2. Hefur ráðherra áform um að rannsaka hvort fíkniefnanotkun viðgengst í íslenskum fangelsum, í ljósi fullyrðinga sem hafa heyrst hvað eftir annað um slíkt, og þá hugsanlegar ástæður hennar og um aðgerðir til að fyrirbyggja hana?